




Sjálfsmatsskýrsla Myllubakkaskóla

2016-2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Um skólann	4
2.1	Skólastefna Myllubakkaskóla.....	5
3	Viðfangsefni mats 2016-2017	7
4	Skólapúlsinn.....	9
4.1	Nemendakönnun	9
4.1.1	Virkni nemenda í skólanum.....	10
4.1.1.1	Ánægja af lestri.....	11
4.1.1.2	Þrautseigja í námi.....	12
4.1.1.3	Ánægja af náttúrufræði.....	12
4.1.1.4	Trú á eigin vinnubrögð í námi.....	13
4.1.1.5	Trú á eigin námsgetu.....	14
4.1.2	Líðan og heilsa	14
4.1.2.1	Sjálfsálit.....	15
4.1.2.2	Stjórn á eigin lífi	15
4.1.2.3	Vellíðan	16
4.1.2.4	Einelti.....	18
4.1.2.5	Tíðni eineltis	18
4.1.2.6	Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftár.....	19
4.1.2.7	Mataræði	20
4.1.3	Skóla- og bekkjarandi	20
4.1.3.1	Samsömun við nemendahópinn.....	20
4.1.3.2	Virk þátttaka nemenda í tímum	21
4.1.3.3	Mikilvægi heimavinnu í náminu.....	22
4.2	Foreldrakönnun	23
4.2.1	Nám og kennsla	23
4.2.1.1	Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	24
4.2.1.2	Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra.....	24
4.2.1.3	Ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra.....	24
4.2.1.4	Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra.....	25
4.2.2	Velferð nemenda.....	25
4.2.2.1	Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	26
4.2.2.2	Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda.....	26
4.2.2.3	Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	26
4.2.3	Aðstaða og þjónusta	28
4.2.4	Foreldrasamstarf.....	28
4.2.5	Heimastuðningur.....	29
4.2.5.1	Virkni foreldra í námi barna sinna.....	30
4.2.5.2	Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	30
4.2.5.3	Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	30
4.3	Starfsmannakönnun.....	31
4.3.1	Allir starfsmenn – Almennt.....	32

4.3.2	Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans	32
4.3.3	Kennarar – Kennarastarfið	33
4.3.4	Kennarar – Starfsumhverfi kennara.....	35
4.3.5	Kennarar – Símenntun kennara	37
5	Lestrarskimanir	38
5.1	Logos-læsissskimun	39
5.1.1	Logos-læsissskimun í 3. bekk.....	39
5.1.2	Logos-læsissskimun í 6. bekk.....	41
5.1.3	Logos-læsissskimun í 9. bekk.....	42
6	Talnalykill.....	45
6.1	Talnalykill í 3. bekk.....	45
6.2	Talnalykill í 6. bekk.....	46
7	Samræmd próf.....	47
7.1	4. bekkur	48
7.2	7. bekkur	48
7.3	9. bekkur	48
7.4	10. bekkur.....	48
8	Lokaorð	49
9	Viðauki - umbótaáætlun.....	49

1 Inngangur

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Myllubakkaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og til að Myllubakkaskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins, þó með þeim formerkjum að stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks eins og kemur fram í Framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til eins árs í senn og leggja fyrir á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum og birta

þær á heimasíðu. Eftir þeim niðurstöðum vinnur sjálfsmatsteymið, í samráði við stjórnendur, að umbótaáætlun. Þeirri áætlun er ætlað að bæta skólastarf í þeim þáttum sem bæði innra og ytra mat sýna að þarfnist betrubóta.

2 Um skólann

Myllubakkaskóli er einsetinn, langskiptur grunnskóli með 333 nemendur í 17 bekkjardeildum í fyrsta til tíunda bekk. Starfsmenn eru 64 þar af eru kennarar 31. Myllubakkaskóli sem áður hét Barnaskólinn í Keflavík rekur sögu sína allt aftur til ársins 1897. Núverandi húsnaði hefur verið byggt í áföngum allt frá árinu 1948 til ársins 2000 þegar nýjasta álman var tekin í notkun. Skólinn tók til starfa árið 1952 í núverandi húsnaði og er skipt í fjögur kennslusvæði, gult, rautt, grænt og blátt. Yngstu nemendurnir eru á gula gangi og þeir elstu á bláa gangi. Auk almennra kennslustofa og sérgreinastofa er í skólanum vel búið bókasafn, matsalur/salur, félagsaðstaða, stjórnunarrými og aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa, þroskaþjálfara og sálfræðing. Íþróttahús er áfast skólabyggingunni og þar fá nemendur í 1 - 6. bekk íþróttakennslu en nemendur 7. - 10. bekkja sækja íþróttakennslu í íþróttahúsið við Sunnubraut. Sundkennsla fer fram í Vatnaveröld. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur kennsluaðstöðu í kjallara skólans og þar fer fram hluti af tónlistarnámi nemenda skólans. Frístundaskólinn hefur einnig aðstöðu innan Myllubakkaskóla.

Skólastjóri er Bryndís Björg Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Guðmundur Steinar Jóhannsson. Deildarstjóri er Eva Björk Sveinsdóttir. Sérkennarar fyrir 1.- 6. bekk eru Heba Friðriksdóttir, Elínborg Sigurðardóttir, Helena Borgarsdóttir og Harpa Mjöll Magnúsdóttir. Í skólanum er námsver fyrir nemendur í 8. – 10. bekk sérkennarar þar eru Hlynur Jónsson og Gunnhildur Þórðardóttir. Umsjónarmaður Fjölbjóðavers er Svana A. Daðadóttir og umsjónarmaður Bergsins er Hlynur Jónsson.

2.1 Skólastefna Myllubakkaskóla

Hverjum skóla er nauðsynlegt að hafa ákveðna stefnu til að vinna eftir og ekki síst til að átta sig á því fyrir hvað hann stendur. Myllubakkaskóli stendur fyrir virðingu, ábyrgð og jafnrétti, þar sem nemendum er kennt að til þess að ná árangri þá verði þeir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínu námi. Nemendur verða einnig að bera virðingu fyrir samnemendum, foreldrum og starfsfólki, enda er virðing grunnforsenda fyrir samskiptum og skoðanaskiptum á jafnréttisgrundvelli. Myllubakkaskóli hefur unnið að jafnréttisáætlun, sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar koma þessir þættir fram og mynda þeir sameiginlega sýn og stefnu allra í skólanum gagnvart jafnrétti og leiðum að auknu jafnrétt. Myllubakkaskóli hefur haft þessa sýn að leiðarljósi og kemur hún ef til vill best fram í vinnu með fjölbreyttum nemendahóp þar sem hver og einn fær að stunda skólann á sínum forsendum, þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda.

Einkunnarorð skólans eru:

VIRÐING - ÁBYRGÐ - JAFNRÉTTI - ÁRANGUR

Markmið

Myllubakkaskóli vill:

- að nemendum líði vel og að allir fái notið sín
- að nám og kennsla sé við hæfi nemenda
- efla og styrkja sjálfsmynd nemenda
- jákvæðan aga, kurteisi og umhyggju í samskiptum
- að foreldrar/forráðamenn taki virkan þátt í skólastarfinu
- gott samstarf milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks skólans
- halda uppi öflugu starfi í listgreinum og íþróttum
- stuðla að jafnrétti milli kynja og ólíkra menningarheima
- efla ábyrgð nemenda á eigin námi
- metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf

Leiðir

Hlýlegt umhverfi og jákvætt viðmót stuðlar að vellíðan jafnt nemenda sem starfsmanna. Virðing, ábyrgð, jafnrétti og árangur eru þau gildi sem höfð eru að leiðarljósi við stefnumótun Myllubakkaskóla. Áhersla er á virðingu í víðtækum skilningi, virðingu fyrir öðrum nemendum og starfsfólki. Virðingu fyrir fólki með mismunandi bakgrunn og skoðanir. Með því að sýna öllum virðingu stuðlum við að jafnrétti milli kynja og ólíkra menningarhópa. Mikilvægt er að samvinna takist á milli allra þeirra sem koma að skólastarfinu, að allir séu metnir að verðleikum og að styrkleikar hvers og eins fái notið sín. Með virkri samvinnu getur okkur tekist að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett eru fram í stefnu skólans. Allir sem koma að skólastarfinu, nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans, bera sameiginlega ábyrgð á því að góður árangur náist.

3 Viðfangsefni mats 2016-2017

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfolk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Myllubakkaskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	x	x	x						
Skólalúpsinn	Nemendakönnun, starfsmannakönnun og foreldrakönnun	Skólalúpsinn. Verkefnastjóri leggur fyrir.	Allt skólaárið.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu. Foreldrar. Starfsmenn.		x		x		x			
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., 9. b. og 10. bekk og ensku í 9. b. og 10. b.	Samræmd próf Námsmatsstofnun	September og mars.	Nemendur í 4., 7., 9. b. og 10. b.		x		x					
Teymi	Niðurstöður teyma. Á skólaárinu starfa, teymi á öllum stigum. Teymin skila skýrslum í lok skólaárs með tillögum að úrbótum og upplýsingum hvað gert var á árinu.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Skýrslugerð að vori.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Mat á mætingu foreldra og fyrirkomulagi samtalsdaga.	Skólastjórnendur.	Tvisvar á ári.	Umsjónarkennarar.		x		x					x
	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
Lestrarskimanir	Logos lesskímun, lestrarhraði og lesskílningur	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	Janúar.	3. bekkur.		x		x					
	Logos lesskímun, lestrarhraði og lesskílningur	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	Október.	6. bekkur		x		x					

Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017

	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	September.	9. bekkur.		x		x					
	Lesskilningur	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir mánaðarlega.	Nemendur 1. – 10. bekkur.		x		x					
	Leið til læsis. Sjónrænn orðaforði og lesfimi.	Kennarar 1.-4. bekkja í samráði við deildarstjóra og sérkennara.	Tvisvar á ári.	Nemendur í 1. - 4. bekk.		x		x					
Stærðfræðiskimanir	Hóppróf talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra.	Október.	6. bekkur.		x		x					
Stafsetning	Stafsetning (GRP14) lögð fyrir 9. bekinga	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við íslenskukennara.	September.	9. bekkur.		x		x					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur, allt skólaárið	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x

4 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Skólapúlsinum er ætlað að mæla ýmsa þætti er snúa að vellíðan og stöðu nemenda án þess að skírskota til einkunna, því einkunnir eru ekki eini mælikvarðinn á gott og farsælt skólastarf. Öll börn eiga skilið að mennta sig og þroskast í góðu skólaumhverfi.

Þegar farið er yfir niðurstöður skólapúlsins þá eru dregnir fram þeir þættir í niðurstöðum þar sem munur á milli talna Myllubakkaskóla og landsmeðaltals er tölfræðilega marktækur. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Í niðurstöðum eru dregnir fram þeir þættir þar sem munur á milli niðurstaðna þátta í Myllubakkaskóla er tölfræðilega marktækur miðað við landsmeðaltal, sem og aðrar athyglisverðar niðurstöður sem vert þykir að komi fram.

Viðmið Myllubakkaskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

4.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk komu í mismunandi stórum hópum í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 149 nemendur af 163 svöruðu nemendakönnuninni skólaárið 2016-2017, svarhlutfall því 91,4%.

Í nemendakönnuninni eru fjórir flokkar þátta, virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi og opin svör. Þessir flokkar innihalda eftirfarandi þætti:

Virkni nemenda í skólanum

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur og stress, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, tíðni hreyfingar og hollt mataræði.

Skóla- og bekkjarandi

Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu.

Opin svör

Spurningar um hvað nemendum þykir gott við skólann og hvað þeim þykir slæmt.

Hver matsþáttur af 18 er byggður upp af mismunandi mörgum spurningum. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Könnunin var stytt árið 2015 þar sem nýjar greiningaraðferðir gerðu það mögulegt að fjarlægja spurningar án þess að draga úr réttmæti kvarðanna. Samtals voru 18 spurningar fjarlægðar úr átta matsþáttum.

4.1.1 Virkni nemenda í skólanum

Í flokknum *virgni nemenda í skólanum* eru sex þættir og koma þeir fram í töflu eitt. Eins og sést á töflunni er munurinn á milli niðurstaðna í Myllubakkaskóla ýmist í plús eða mínus, en það sem skiptir mestu máli er stjörnumerktur mismunur en þá er mismunurinn tölfræðilega marktækur. Nemendur hafa sem sagt minni þrautseigju í námi, minni trú á eigin vinnubrögð í námi og minni trú á eigin námsgetu samanborið við landsmeðaltal. Nemendur Myllubakkaskóla hafa meiri ánægju af náttúrufræði en nemendur á landinu öllu. En þó er vert að hafa í huga að miðað við skilgreiningar að ofan þá telst munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur.

Tafla 1 Virkni nemenda í skólanum


Virkni nemenda í skólanum			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	4,9	4,9	0,0
Þrautseigja í námi	4,7	5,1	-0,4*
Áhugi á stærðfræði	5,2	5,2	0,0
Ánægja af náttúrufræði	5,4	5,0	0,4*
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,5	5,1	-0,6*
Trú á eigin námsgetu	4,5	5,0	-0,5*

Nánari athugun á þessum þáttum leiðir ýmislegt í ljós og verður farið ítarlegra í hvern þátt.

4.1.1.1 Ánægja af lestri

Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir sýnt að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs betri lesskilning. Jafnframt kemur fram að ánægja af lestri bætir upp neikvæð áhrif af bágri félagslegri stöðu.


Ánægja af lestri innan Myllubakkaskóla er á pari við það sem mælist á landsvísu og eins og sést á myndinni þá hafa nemendur Myllubakkaskóla verið að mælast hærri í þessum þætti undanfarin tvö ár samanborið við árin þar á undan.



Mynd 1 Ánægja af lestri - ársmeðaltöl

4.1.1.2 Þrautseigja í námi

Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram og miðað við niðurstöður þá hafa nemendur Myllubakkaskóla marktækt minni þrautseigju í námi miðað við landsmeðaltal. Þegar kynin eru skoðuð þá kemur aftur fram að stelpur í Myllubakkaskóla eru marktækt með minni þrautseigju í námi miðað við landið en sá munur er ekki marktækur á meðal stráka í Myllubakkaskóla.




Mynd 2 Þrautseigja í námi eftir kyni

4.1.1.3 Ánægja af náttúrufræði

Kvarðinn ánægja af náttúrufræði á uppruna sinn í PISA rannsóknunum. Kvarðanum var bætt við haustið 2013 og tók þá við af kvarðanum Persónulegt gildi náttúruvísinda sem hafði verið á listanum frá árinu 2008.

Nemendur Myllubakkaskóla hafa marktækt meiri ánægju af náttúrufræði samanborið við nemendur á landinu öllu. Munurinn er 0,4 og telst því lítill. Það vekur athygli að þegar kynin eru skoðuð þá er marktækur munur á milli stelpna í Myllubakkaskóla og á landinu öllu, en sá munur er ekki marktækur hjá strákum.




Mynd 3 Ánægja af náttúrufræði eftir kyni.

4.1.1.4 Trú á eigin vinnubrögð í námi

Með vinnubrögðum í námi er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og athöfnum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Flestar kenningar sem fjalla um vinnubrögð í námi leggja mikið upp úr tengingunni við markmiðssetningu. Þá með þeim hætti að markmiðin eigi að leiðbeina nemanda í átt að uppfyllingu á eigin markmiðum, þ.e. leiðum, vinnubrögðum, árangri og sjálfsskoðun.

Nemendur í Myllubakkaskóla hafa marktækt minni trú á eigin vinnubrögð í námi miðað við landið en sá munur er ekki mikill. Ólíkt síðasta skólaári þar sem ekki kom fram marktækur munur í heildina heldur einungis hjá stelpum þá er munurinn marktækur í heildina og hjá báðum kynjum. Vert er að minnast á að allir árgangar Myllubakkaskóla fá lægra skor á þessum þætti samanborið við sína árganga á landinu öllu.



Mynd 4 Trú á eigin vinnubrögð í námi eftir kyni.

Þegar spurningarnar, sem mynda þennan þátt, eru skoðaðar nánar kemur fram neikvæður munur hjá nemendum Myllubakkaskóla samanborið við landið allt í fjórum spurningum af fimm:

- Skrifað hjá mér góða minnispunkta í kennslustundum.
- Notað bókasafnið til að afla upplýsinga fyrir skólaverkefni.
- Skipulagt skólavinnu mína.
- Fest mér í minni upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum.


Til að bregðast við þeim niðurstöðum þyrfti að setja fram markvissa kennslu í vinnubrögðum og námstækni hjá nemendum í 6. – 10. bekk. Myllubakkaskóli gæti ef til vill myndað heildstæða stefnu í þeirri kennslu, en ábyrgð væri þá hjá námsráðgjafa og umsjónarkennurum. Hvað bókasafnið varðar þá gæti þurft að skoða nánar bókakost, aðstöðu nemenda á bókasafni og tölvuaðgengi.

4.1.1.5 Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin námsgetu vísar til trúar nemandans á því að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. náð prófum, sýnt tiltekna hæfni eða uppfyllt önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara.

Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til að efla trú nemenda á eigin námsgetu. Ein þeirra miðar að því að vinna skipulega með vinnubrögð í námi og fá nemendur þannig til að finnast þeir ráða við verkefni þrátt fyrir að þau séu álitin krefjandi í fyrstu.

Nemendur Myllubakkaskóla hafa marktækt minni trú á eigin námsgetu samanborið við nemendur á landsvísu en sá munur telst ekki mikill eða -0,6 stig. Munurinn kemur fram hjá báðum kynjum.



Mynd 5 Trú á eigin námsgetu eftir kyni.

4.1.2 Líðan og heilsa

Nemendur Myllubakkaskóla eru almennt undir landsmeðaltali í þeim þáttum sem koma fram í töflu 2. Nemendur upplifa þó meira hér en annars staðar að hafa minna sjálfsálit, minni stjórn á eigin lífi og upplifa minni vellíðan og meira einelti

samanborið við landið. Nemendur Myllubakkaskóla hreyfa sig að jafnaði talsvert minna en nemendur á landsvísu.

Tafla 2 Líðan og heilsa samkvæmt nemendum

Líðan og heilsa			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Sjálfsálit	4,4	5,0	-0,6*
Stjórn á eigin lífi	4,4	4,9	-0,5*
Vellíðan	4,5	4,9	-0,4*
Einelti	5,5	5,2	0,3*
Tíðni eineltis	13,5%	11,6%	1,9%
Tíðni hreyfingar 2x viku/oftar	23,1%	41,7%	-18,6%*
Hollt mataræði	4,6	4,8	-0,2

Leiðir til að vinna með þessa þætti gætu verið fólgnir í markvissri sjálfsstyrkingu hjá nemendum. Starfsfólk þyrfti að fá leiðbeiningar um æfingar og kennsluefni sem myndi endurspegla þá ætlun að vinna markvisst með sjálfsálit og vellíðan nemenda.


4.1.2.1 Sjálfsálit

Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera. Þegar mæling á þættinum í Myllubakkaskóla er skoðuð nánar kemur í ljós að stelpur og strákar mælast marktækt lægra í þessum þætti samanborið við landið en sá munur er ekki mikill eða -0,6 stig.

4.1.2.2 Stjórn á eigin lífi

Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Þær geta annað hvort verið af hans eigin völdum eða annarra t.d. umhverfisins eða annars fólks. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem gefa til kynna að þeir hafi mikla stjórn á eigin lífi eru líklegri til að: leggja mikið á sig til að ná góðum árangri, vera þolinmóðari í að bíða eftir árangri sem ekki sést strax og setja sér langtíamarkmið.

Þegar gögnin eru skoðuð nánar kemur fram marktækur munur hjá báðum kynjum í Myllubakkaskóla og á landsvísu, en nemendum Myllubakkaskóla finnst þeir hafa marktækt minni stjórn á eigin lífi.




Mynd 6 Stjórn á eigin lífi eftir kyni.

4.1.2.3 Velliðan

Kvarðanum velliðan var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Kvarðinn tekur við af kvarðanum Vanlíðan og kvarðanum Kvíða sem voru með frá árinu 2008. Kvarðinn mælir breiðara róf tilfinninga en fyrri kvarðar ásamt því að mæla jákvæðar tilfinningar.


Strákar í Myllubakkaskóla upplifa marktækt minni velliðan miðað við stráka á landinu öllu, en sá munur kemur ekki fram þegar stelpur í Myllubakkaskóla eru bornar saman við stelpur á landsvísu. Spurningar sem mynda matsþáttinn eru um gleði, áhyggjur, depurð, að vera niðurdregin(n), reiði og stress. Niðurstaðan varðandi reiði er sú eina sem er marktækt frábrugðin svörum á landinu öllu. Virðast fleiri nemendur Myllubakkaskóla upplifa reiði stundum, oft eða mjög oft. Að sama skapi upplifa færri nemendur Myllubakkaskóla reiði mjög sjaldan eða sjaldan. Er þetta annað skólaárið í röð sem niðurstöður birtast með þessum hætti.

Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017



Mynd 7 Reiði

Athyglisvert er þó líka líðan nemenda eftir hvenær mælt er en eins og sést á myndinni er vellíðan marktækt lakari í mælingum sem gerðar eru í desember og apríl samanborið við október og febrúar en sá munur kemur ekki fram í tölum á landinu öllu.




Mynd 8 Vellíðan - innan skólaárs

4.1.2.4 Einelti

Notast er við skilgreiningu norska fræðimannsins Dan Olweus á einelti, en samkvæmt honum þá er um einelti að ræða þegar einstaklingur verður ítrekað fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig. Þolendur eineltis glíma oft við langtíma tilfinningaleg og hegðunarleg vandamál. Einelti getur orsakað einmanakennd, þunglyndi og kvíða og leitt til lélegrar sjálfsmyndar.

Myllubakkaskóli starfar eftir ritinu *Stöndum saman* sem er ætlað að upplýsa og vinna á einelti. Farið er yfir þann bækling og unnið með hann einu sinni á ári.

Á síðasta skólaári 2015-2016 kom ekki fram marktækur munur á einelti í Myllubakkaskóla miðað við landið allt en á yfirstandandi skólaári 2016-2017 kemur fram marktækur munur (0,3*). Nemendur Myllubakkaskóla upplifa marktækt meira einelti samanborið við nemendur á landinu. Sá munur er þó einungis marktækur hjá strákum en ekki stelpum.




Mynd 9 Upplifun eineltis eftir kyni.

4.1.2.5 Tíðni eineltis

Tíðni eineltis er skilgreint sem hlutfall nemenda sem hafa upplifað einelti undanfarið ár. Ekki kemur fram marktækur munur á milli Myllubakkaskóla og á landinu öllu. Það sem þykir vert að taka fram er að tíðni eineltis mælist marktæk hjá strákum en ekki stelpum samanborið við stráka á landsvísu.

Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017




Mynd 10 Tíðni eineltis eftir kyni.

4.1.2.6 Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar

Undanfarin ár hefur verið spurt um viðhorf til hreyfingar en nú er spurt um tíðni hreyfingar innan og utan skólans. Reiknað er hlutfall nemenda sem segjast gera allt eftirtalið tvisvar í viku eða oftar:

- Eru í leikfimitímum í skólanum.
- Taka þátt í líkamsþjálfun í skólanum utan leikfimitíma.
- Stunda íþróttir með íþróttafélagi.
- Hreyfa sig þannig að þeir mæðist og svitni utan íþróttæfinga og skóla.

Niðurstöður sýna að nemendur Myllubakkaskóla hreyfa sig marktækt minna en nemendur á landsvísu og munar rúmum 18 prósentustigum og kemur sá munur fram hjá báðum kynjum, strákar mælast ca. 16 prósentustigum minna en strákar á landinu og stelpur rúmum 20 prósentustigum.



Mynd 11 Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar - eftir kyni.

4.1.2.7 Mataræði

Mæling á mataræði var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Útkoma á mælikvarðanum lýsti áður meiri neyslu ávaxta, grænmetis og vítamíns og/eða minni neyslu skyndibita og gosdrykkja. Árið 2015 var gerð staðfestandi þáttagreining á fyrirbyggjandi gögnum. Sú greining sýndi fram á að magn hollustu sem innbyrt er gefur betri mynd af mataræði nemenda eitt og sér án þess að óhollustan sé tekin með í reikninginn. Þ.e.a.s. þó óhollustu sé neytt í einhverju mæli þá þarf það ekki að þýða að mataræði sé slæmt heldur er það magn hollustunnar sem vegur þar þyngra. Því er einkunn á þessum kvarða reiknuð með einungis þeim atriðum sem spyrja um hollar matarvenjur þó hitt sé haft með.

Nemendur Myllubakkaskóla borða minna af hollum mat samanborið við nemendur á landinu öllu (-0,2) en er sá munur ekki marktækur.

4.1.3 Skóla- og bekkjarandi

Skóla- og bekkjarandi kemur ágætlega út í Myllubakkaskóla en tölur eru marktækt frábrugðnar landsmeðaltali í þremur þáttum af fimm. Í samsömun við nemendahópinn, virka þátttöku nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu kemur Myllubakkaskóli marktækt verr út samanborið við nemendur á landinu öllu, en sá munur er lítill eða rétt um 0,5 stig í öllum tilvikum.


Tafla 3 Skóla- og bekkjarandi að mati nemenda

Skóla- og bekkjarandi			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	4,5	5,1	-0,6*
Samband nemenda við kennara	5,1	5,1	0,0
Agi í tímum	5,3	5,1	+0,2
Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	5,2	-0,4*
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,4	4,8	-0,4*

4.1.3.1 Samsömun við nemendahópinn

Samsömun við nemendahópinn dregur saman viðhorf nemenda til skólans, meta að hve miklu leyti nemendum finnst þeir tilheyra skólanum og að skólinn sé staður þar sem þeim líði vel. Allur neikvæður munur frá landsmeðaltali í þessum þætti er

mikilvægur, því við viljum að nemendum líði vel í skólanum og samsami sig við hann. Nemendur Myllubakkaskóla samsama sig marktækt minna við nemendahópinn (-0,6) samanborið við nemendur á landsvísu. Þegar kynin eru skoðuð þá kemur ekki fram marktækur munur hjá stelpum en sá munur er marktækur hjá strákum. Strákar í Myllubakkaskóla samsama sig marktækt minna við nemendahópinn miðað við landsmeðaltal hjá strákum.




Mynd 12 Samsömun við nemendahópinn eftir kyni.

4.1.3.2 Virk þátttaka nemenda í tímum

Virk þátttaka nemenda í tímum er mæld með fjórum spurningum sem gefa til kynna hversu oft nemendur fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í hópumræðum og æfingar í að færa rök fyrir máli sínu getur hjálpað nemendum að festa í sessi þá þekkingu, færni og viðhorf sem þeir hafa tileinkað sér í náminu.

Nemendur í Myllubakkaskóla upplifa marktækt minni virka þátttöku í tímum samanborið við nemendur á landinu öllu uppá -0,4 stig en sá munur telst ekki mikill. Sá munur virðist þó til kominn vegna upplifunar stráka í Myllubakkaskóla af virkri þátttöku í tímum en þeir telja hana vera marktækt minni en strákar á landinu öllu. Samkvæmt svörunum þá telja nemendur sig fá marktækt minni tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar eða að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri miðað við nemendur á landsvísu.


Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017



Mynd 13 Virk þátttaka nemenda í tímum eftir kyni.

4.1.3.3 Mikilvægi heimavinnu í náminu

Heimavinna í náminu hefur alltaf verið talin mikilvæg en rannsóknir eru þó ekki einorða um það og þeir þættir sem hafa þar áhrif eru til dæmis kennsluaðferðir. Í niðurstöðum kemur fram marktækur munur (-0,4) á Myllubakkaskóla samanborið við landið allt. Nemendur Myllubakkaskóla mælast marktækt lakari í tveimur spurningum er mynda þáttinn þ.e. *ég vinn heimavinnuna mína á réttum tíma og heimavinnan mín er hluti af lokaekinnun*. Ástæða þess gæti verið að þeir telji heimavinnu sína ekki hluta af lokaekinnun, hvort sem hún sé það eða ekki. Má jafnvel áætla að mikilvægi heimavinnu hafi ekki verið kynnt nægjanlega vel fyrir nemendum og forráðamönnum yfir skólaárið.



Mynd 14 Heimavinnan mín er hluti af lokaekinnun.

4.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 48 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar. Könnunin var lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldralíkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Fjöldi þátttakenda í Myllubakkaskóla var 114. Fjöldi svarenda var 93 og svarhlutfall 81,6%.

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið Myllubakkaskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

4.2.1 Nám og kennsla

Mælikvarðiinn byggir á viðhorfum foreldra til staðhæfinga um margar hliðar skólans, kennslunnar og námsins, eins og sést í töflu 4 hér að neðan. Í henni kemur fram að í þáttunum *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*, *ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra* og *hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra*, er skólinn marktækt yfir landsmeðaltali.

Tafla 4 Nám og kennsla að mati foreldra

Nám og kennsla			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	6,3	5,1	+1,2*
Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,7	5,1	+0,6*
Ánægja með stjórnun skólans	97,8%	90,5%	+7,3%*

Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	87,1%	84,0%	3,1%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	91,4%	77,6%	+13,8%*

4.2.1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum

Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til staðhæfinga um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10, með meðaltal 5. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni foreldra í skólanum. Foreldrar Myllubakkaskóla eru almennt meira ánægðir með nám og kennslu í skólanum en foreldrar á landsvísu, en munurinn er 1,2 stig og telst sá munur töluverður.

Allir undirþættir þessa mats koma vel út og koma marktækt betur út miðað við landsmeðaltal. Foreldrar nemenda virðast sáttir með starf skólans hvað varðar nám og kennslu og nær það yfir bæði kynin og alla árganga.

4.2.1.2 Nám í takt við grunnstoðir aðalnámsskrár að mati foreldra

Mælikvarðinn byggir á sex staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um hve vel skólinn uppfyllir hinar sex grunnstoðir aðalnámsskrár grunnskóla: Lýðræði, sköpun, jafnrétti, umhverfisvitund, læsi og velferð. Þeir eru beðnir um að meta skólastarfið með því að svara hversu sammála eða ósammála þeir eru eftirfarandi staðhæfingum: Skólastarfið er lýðræðislegt, skólastarfið veitir barninu tækifæri til að vera skapandi í náminu, skólastarfið eykur skilning nemenda á jafnrétti, skólastarfið eflir vitund nemenda um umhverfismál, skólastarfið stuðlar að læsi og færni nemenda í víðum skilningi og skólastarfið stuðlar að heilbrigði og velferð.

Foreldrar nemenda í Myllubakkaskóla eru marktækt sammála áður nefndum staðhæfingum miðað við foreldra á landinu öllu en sá munur er ekki mikill (0,6). Enn og aftur er munurinn samt marktækur á hjá foreldrum beggja kynja og í öllum árgöngum.

4.2.1.3 Ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra

Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja að skólanum sé vel eða illa stjórnað. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja skólanum mjög vel eða frekar vel stjórnað. Foreldrar

nemenda í Myllubakkaskóla eru marktækt ánægðari með stjórnun skólans samanborið við landið allt eins og reyndar síðustu þrjú ár en munurinn í ár er 7,3%.

Munurinn er marktækur hjá foreldrum stráka en ekki hjá foreldrum stúlkna.

4.2.1.4 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra

Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki agi í skólanum vera of mikill, hæfilegur eða of lítill. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja aga hæfilegan í skólanum. Í Myllubakkaskóla telja 91,4% foreldra aga vera hæfilegan samanborið við 77,6% á landinu öllu eða 13,8% munur. Sá munur kemur fram hjá foreldrum beggja kynja en er þó ívið meiri hjá súlkum (16,5%) en strákum (11,4%).

4.2.2 Velferð nemenda

Tafla 5 Velferð nemenda að mati foreldra

Velferð nemenda			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,5	4,7	+0,8*
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	97,8%	87,3%	+10,5%*
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92,5%	92,3%	0,2%
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	92,5%	91,6%	+0,9%
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,5%	90,8%	+2,7%
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	9,7%	8,9%	+0,8%
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum	52,9%	60,7%	-7,8%
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,4%	56,9%	-9,5%
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	90,3%	79,4%	+10,9%*
Meðaltímabil eineltis	1,2	1,3	-0,1

4.2.2.1 Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur

Foreldrar nemenda í Myllubakkaskóla eru marktækt ánægðari með samskipti starfsfólks við barnið sitt. Sá munur er marktækur hjá foreldrum beggja kynja og í öllum árgöngum. Munurinn er einnig marktækur þegar kemur að umsjónarkennara og öðru starfsfólki skólans en ekki þegar kemur að öðrum kennurum.

4.2.2.2 Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda

Foreldrar eru spurðir hversu ánægðir þeir eru með það hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins. Niðurstöður sýna að foreldrar barna í Myllubakkaskóla eru marktækt ánægðari með hvernig skólinn mætir þörfum barna þeirra samanborið við foreldra barna á landsvísu.


4.2.2.3 Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans

Velferð nemenda í Myllubakkaskóla er mikilvægur þáttur því hann tekur til líðan nemenda í skólanum, kennslustunda og frímínútna, sem og eineltis. Skólinn er með í gildi eineltisáætlun og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Þegar kemur að líðan nemenda og einelti þá er mikilvægt að samskipti þeirra við starfsfólk skólans séu góð og nemendur viti að þeir geti leitað til þeirra.


Vinna gegn einelti er mikilvægur þáttur í skólastarfinu því mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um einelti og á neikvæð áhrif þess á alla hlutaðeigandi. Þá er mikilvægt að eineltismál séu unnin af mikilli fagmennsku og skilvirkni.

Myllubakkaskóli kemur vel út þegar spurt er um eineltisáætlunina og eru foreldrar barna í Myllubakkaskóla marktækt ánægðari með hana samanborið við foreldra á landinu öllu. Það sem foreldrar eru ekki ánægðir með er úrvinnsla skólans á eineltismálum og tímann sem sú úrvinnsla tekur. Munurinn er reyndar ekki marktækur miðað við landið allt en er mikil breyting í báðum þáttum frá síðustu mælingu eins og sést á myndunum hér að neðan. Erfitt hefur reynst fyrir skólann að bregðast við þessari breytingu á mælingu eineltis því engar formlegar tilkynningar hafa borist á þessu tímabili.

Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017



Mynd 15 Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum



Mynd 16 Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum

4.2.3 Aðstaða og þjónusta

Mælikvarðinn byggir á staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til og fjalla um aðstöðu í skólanum. Foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðu í skólanum, frístundaheimilið og með mötuneyti skólans og er sá munur marktækur í öllum tilvikum miðað við landsmeðaltal.

Tafla 6 Mat foreldra á aðstöðu og þjónustu í skólanum

Aðstaða og þjónusta			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	6,5	5,3	+1,2*
Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu/frístundaheimili	5,9	4,8	+1,1*
Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	28,6%	44,1%	-15,5%*
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	81,0%	69,0%	+12,0%*
Notkun á mötuneyti	86,0%	86,1%	-0,1%
Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	7,7%	2,5%	+5,2%

4.2.4 Foreldrasamstarf

Foreldrar eru almennt ánægðir með samstarf við skólann. Þeir telja sig vera þátttakendur í gerð námsáætlunar með nemandanum og er sá munur marktækur miðað við á landinu öllu. Þeir telja sig þar af leiðandi líka geta haft áhrif á ákvarðanir varðandi nemendur en sá munur er marktækt betri hjá foreldrum Myllubakkaskóla miðað við foreldra á landinu öllu, munurinn er hjá foreldrum bæði stráka og stelpna og er mestur hjá foreldrum í 1. - 4. bekk.

Viðhorf foreldra til heimasíðu skólans var undir landsmeðaltali í síðustu könnun, en í þessari könnun eru foreldrar marktækt ánægðari með heimasíðu skólans miðað við foreldra á landinu öllu.

Tafla 7 Upplifun og viðhorf foreldra til foreldrasamstarfs

Foreldrasamstarf			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,0	5,0	0,0
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	71,8%	56,7%	+15,1%*
Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	71,4%	60,4%	+11,0%*
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,7%	94,0%	+2,7%
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	73,9%	53,5%	+20,4%*
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	85,4%	84,2%	+1,2%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	92,4%	82,4%	+10,0%*
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	76,3%	72,2%	+4,1%

4.2.5 Heimastuðningur

Heimastuðningur tekur til ýmissa þátta er varðar virkni foreldra í námi barna sinna og trú sína á eigin getu og framtíðarmenntunarstigs barna sinna, eins og sést í töflunni hér að neðan.

Tafla 8 Mat foreldra á heimastuðningi við börn sín

Heimastuðningur			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Virkni foreldra í námi barna sinna	5,5	5,0	+0,5*
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,2	4,8	-0,6*
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	5,0	4,4	+0,6*
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	74,2%	71,5%	+2,7%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	65,9%	55,5%	+10,4%*
Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	72,1%	77,4%	-5,3%

4.2.5.1 Virkni foreldra í námi barna sinna


Foreldrar voru beðnir um að meta eigin virkni í námi barna sinna með því að tilgreina tíðni. Foreldrar barna í Myllubakkaskóla mældust marktækt virkari í námi barna sinna samanborið við foreldra barna á landinu öllu. Sá munur var marktækur hjá stúlkum en ekki drengjum og þá marktækur hjá foreldrum barna í 1. - 4. bekk en ekki öðrum árgöngum.

4.2.5.2 Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið

Mælikvarðinn byggir á fjórum staðhæfingum þar sem foreldrar tilgreina hvort barn þeirra sækist eftir aðstoð frá þeim vegna námsins. Niðurstöður sýna að foreldrar barna í Myllubakkaskóla mælast með marktækt minni trú á eigin getu til að hjálpa barni sínu í náminu samanborið við foreldra barna á landinu öllu, en sá munur er ekki mikill (-0,6).

4.2.5.3 Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám

Foreldrar eru spurðir hve miklum tíma á dag þeir verja í að aðstoða barnið við heimanám að meðaltali. Reiknað er hlutfall foreldra við skólann sem verja meira en 15 mínútum á dag. Í Myllubakkaskóla er það hlutfall 65,9% en á landinu 55,5%. Þegar þessi liður er skoðaður nánar kemur í ljós kynjamunur. Foreldrar stráka í Myllubakkaskóla aðstoða þá marktækt meira við heimanám (68,8%) samanborið við foreldra stráka á landinu (56,1%) en sá munur kemur ekki fram hjá foreldrum stelpna (62,8%) við Myllubakkaskóla samanborið við landið (54,8%), þó svo sá munur sé reyndar umtalsverður líka þá er hann ekki tölfræðilega marktækur. Foreldrar barna á yngsta stigi og miðstigi aðstoða barn sitt marktækt meir við heimanám en foreldrar barna á þessum stigum á landinu öllu eins og myndin hér að neðan sýnir.



Mynd 17 Hlutfall foreldra sem aðstoða börnin sín við heimanám meira en 15 mín. á dag

4.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 15 almenna þætti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um 27 þætti til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer einungis fram í mars og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl.

Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 41 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðunandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Fjöldi þátttakenda í Myllubakkaskóla voru 56. Fjöldi svarenda 54 og svarhlutfall 96,4%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80% og nær Myllubakkaskóli þeim viðmiðum en sé svarhlutfall lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsmanna í skólanum.

4.3.1 Allir starfsmenn – Almennt

Tafla 9 Starfsmannaviðtöl, áreitni og einelti á meðal starfsfólks

Allir starfsmenn			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	96,3%	78,9%	+17,4%*
Gagnsemi starfsmannaviðtals	93,8%	85,8%	+8,0%
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	14,8%	16,6%	-1,8%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	3,7%	8,4%	-4,7%

Hlutfall starfsfólks í Myllubakkaskóla sem hefur farið í starfsmannaviðtal á undanförunum 12 mánuðum er 96,3% á móti 78,9% á landinu, sá munur er marktækur. Telja starfsmenn viðtalið gagnast þeim að meira mæli en starfsmenn skóla á landinu öllu, en sá munur er þó ekki marktækur.

Í niðurstöðum sést að Myllubakkaskóli er fyrir neðan landsmeðaltal þegar kemur að áreitni á meðal starfsfólks og munar þar 1,8% stigum. Tíðni eineltis á meðal starfsfólks er einnig undir landsmeðaltali um 4,7% stig. Þessir þættir hafa tekið breytingum frá fyrri könnun frá skólaárinu 2014-2015 en þá var tíðni áreitni 9,8% og tíðni eineltis 14,6%, tíðni áreitni hefur þannig aukist um 5% stig og tíðni eineltis lækkað um 6,1% stig. Í báðum tilvikum er tíðni í Myllubakkaskóla lægri en tíðni þessara þátta á landsvísu.

4.3.2 Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Myllubakkaskóli er marktækt yfir landsmeðaltali í öllum matsþáttum er varðar viðhorf starfsfólks til skólans samanborið við starfsmenn skóla á landinu öllu. Munurinn í öllum tilvikum er mikill og hefur orðið hækkun í öllum þáttum á milli ára. Starfsmenn Myllubakkaskóla eru því almennt ánægðari með starf sitt í skólanum, starfsandann, stjórnun, upplýsingateymi og starfsumhverfi miðað við kennara á landinu öllu.

Tafla 18 Viðhorf starfsfólks til skólans

Viðhorf til skólans			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Starfsánægja í skólanum	6,2	5,2	+1,0*
Starfsandi innan skólans	6,7	5,2	+1,5*
Stjórnun skólans	6,4	4,9	+1,5*
Upplýsingastreymi innan skólans	6,1	4,9	+1,2*
Starfsaðstaða í skólanum	6,0	4,8	+1,2*

Gæði stjórnunar skólans eru metin með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um yfirmenn, hrós, hvatningu, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt. Hærra gildi er túlkað sem betri stjórnun. Skólinn mælist marktækt betri í þessum matsþætti en landið, og er sá munur töluverður.

Upplýsingastreymi innan skólans er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða. Hærra gildi er túlkað sem betra upplýsingaflæði. Skólinn mælist marktækt betri í þessum matsþætti en landið.

4.3.3 Kennarar – Kennarastarfið

Kennarar eru spurðir margvíslegra spurninga um kennarastarfið og þeirra viðhorf gagnvart starfinu. Kennarar í Myllubakkaskóla eru marktækt yfir landsmeðaltali þegar spurt er um ánægju með kennarastarfið.

Skólinn mælist marktækt lakari miðað við landið þegar spurt er um upplýsingamiðlun til foreldra. Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Hærra gildi er túlkað sem meiri upplýsingamiðlun. Það er einnig vert að minnast á að munurinn á milli skólans og landsmeðaltals kemur fram á yngsta- og miðstigi en ekki elsta stigi.


Tafla 12 Viðhorf kennara til kennarastarfsins

Kennarastarfið			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja með kennarastarfið	5,9	4,8	+1,1*
Trú kennara skólans á eigin getu	5,0	4,6	+0,4
Upplýsingamiðlun til foreldra	4,4	5,0	-0,6*
Tími í heimavinnu á viku	56,9 mín	41,3 mín	+15,6 mín*
Undirbúningur kennslu í skólanum	60,6%	69,6%	-9,0%
Öllum bekknum kennt í einu	53,1%	45,7%	+7,4%
Hópavinna í bekk	26,5%	28,6%	-2,1%
Einstaklingsvinna í bekk	25,0%	30,6%	-5,6%
Einstaklingsmiðuð kennsla	46,9%	49,6%	-2,7%
Áhersla kennara á námsmat með prófum	12,9%	18,0%	-5,1%
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	51,6%	75,1%	-23,5%*

Kennarar í Myllubakkaskóla eru marktækt ánægðari með kennarastarfið en kennarar á landinu öllu. Er sá munur töluverður.


Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með fjórum spurningum um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan. Í svörum kennara kemur fram að tíðni samskipta við foreldra eru marktækt minni í Myllubakkaskóla miðað við tíðni samskipta kennara við foreldra á landinu öllu.

Tími heimavinnu á viku er metinn út frá einni spurningu sem spyr hversu mikinn tíma ætlast kennarar til að nemandi verji í heimavinnu í sínu fagi. Í niðurstöðum kemur fram að kennarar í Myllubakkaskóla ætlast til þess að nemendur verji að meðaltali 56,9 mínútum á viku í heimavinnu samanborið við 41,3 mínútur á landinu öllu. Þarna munar 15,6 mínútum og er það talsverður munur. Það er einnig áhugavert að skoða



meðaltöl undanfarin þrjú ár, en árið 2015 var Myllubakkaskóli undir landsmeðaltali sem nemur ca. 15 mínútum. Samkvæmt Skólapúlseinum þá hefur heimavinna frá þeim tíma aukist á hverju ári í Myllubakkaskóla en dregist saman á landinu öllu eins og sést á myndinni.

Námsmat kennara í Myllubakkaskóla virðist vera einsleitara miðað við landsmeðaltöl. Þátturinn er mældur með því að spyrja sjö spurninga um námsmat og hvernig því sé háttað. Miðað við niðurstöður þá virðist námsmat kennara vera marktækt einsleitara miðað við námsmat kennara á landinu öllu. Mælitölur á elsta stigi eru marktækar miðað við landið allt eða 33,3% í skólanum á móti 77,8% á landinu, sem þýðir að kennarar á elsta stigi í skólanum eru mun líklegri en kennarar á elsta stigi á landinu til að vera með námsmat með prófum. Munurinn er einnig mikill á yngsta- og miðstigi þó svo hann sé ekki marktækur. Mætti setja átak í gang í Myllubakkaskóla varðandi námsmat og hafa aðferðir til þess fjölbreyttari. Skólinn gæti sett átak í gang og beint símenntun kennara að námsmatsnámskeiðum.



Mynd 18 Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum

4.3.4 Kennarar – Starfsumhverfi kennara

Starfsumhverfi kennara er orðið viðameira og flóknara en áður með aukinni ábyrgð í uppeldi nemenda og aukinnar þekkingar á greiningum og frávikum hjá nemendum sem taka verður tillit til í kennslu.

Tafla 13 Viðhorf kennara til starfsumhverfis síns

Starfsumhverfi kennara			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,8	4,7	0,1
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,4	4,8	0,6
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,0	4,9	+1,1*
Samráð um kennslu	4,1	5,1	-1,0*
Samvinna um kennslu	4,6	5,1	-0,5*
Valddreifing við ákvarðanatöku	6,5	4,9	+1,6*
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,3	4,9	0,4
Vinnuaðstæður kennara	5,7	5,0	+0,7*

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra í samskiptum við kennara um starfið. Hærra gildi er túlkað sem aukinn faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. Kennarar skólans upplifa marktækt meiri faglegan stuðning frá skólastjóra samanborið við landið allt (+1,1) og telst sá munur vera talsverður.

Samráð um kennslu er metið með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samvinna um kennslu er metin með því að spyrja þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf á milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Hærri gildi eru túlkuð sem meira samráð á milli kennara um kennsluna og sem aukin samvinna á milli kennara um kennslu. Kennarar skólans meta samráð um kennslu og samvinnu á milli kennara í Myllubakkaskóla minna samanborið við kennara á landinu öllu og eru mælitölur marktækar. Kennarar skólans vinna sem sagt minna saman og hafa minna samráð um kennslu en kennarar á landsvísu, sem verður að teljast neikvætt því þá er mannauðurinn ekki nýttur sem skyldi og mörg tækifæri á skólaþróun og bætingu á gæðum skólastarfsins eru ekki nýtt til fulls.

Í Myllubakkaskóla telja kennarar valddreifingu við ákvarðanatöku marktækt meiri en kennarar á landinu öllu og telst sá munur vera mikill (+1,6). Sá munur er mjög jákvæður því það þýðir að kennarar telja sig geta haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan skólans sem hafa bein áhrif á þeirra starf.

Kennarar meta vinnuaðstæður sínar sem betri aðstæður samanborið við kennara á landinu öllu. Telst sá munur vera talsverður og marktækur. Betri vinnuaðstæður telja kennarar að ýti undir samvinnu á milli kennara og ætti að gera þeim auðveldara um vik að bæta þann þátt eins og áður segir.

4.3.5 Kennarar – Símenntun kennara

Samkvæmt niðurstöðum þá hafa kennarar Myllubakkaskóla sinnt símenntun sinni vel og hafa að meðaltali verið í fleiri daga en kennarar á landsvísu eða 12,4 dagar á móti 11,8 dögum. Kennarar Myllubakkaskóla telja einnig þörf á minni símenntun en kennarar á landinu öllu (-0,4). Að lokum þá telja kennarar skólans símenntunarþörf innan skólans vera fullnægt en einungis 33,3% aðspurðra myndu vilja meiri símenntun samanborið við 53% á landinu.

5 Lestrarskimanir

Lestarstefna Myllubakkaskóla var tekin til skoðunar árið 2012. Var þá myndað lestrarteymi sem skoðaði lestrarkennsluna og setti fram gott skipulag fyrir hvern árgang um bætta færni í lestri og lesskilningi. Út frá þeirri vinnu var ákveðinn verkferill útbúinn í kringum áframhaldandi lestrarkennslu. Þar koma fram markmið, kennsluaðferðir, námsefni, matstæki, viðmið og úrræði fyrir hvern árgang. Lestarstefnan stýrir því kennslu og mati í lestri á öllum stigum. Því fyrir utan hefðbundið mat í tengslum við hvert fag þá eru einnig notaðar lestrarskimanir til að meta getu nemandans miðað við aldur og þroska. Með þessu skipulagi teljum við að lestrarkennslan verði markvissari og eftirfylgni með lestrinum betri.

Lestrarskimanir í Myllubakkaskóla eru:

- 1. bekkur** Leið til læsis frá Námsmatsstofnun = Greina stafapekkingu – hljóðkerfisvitund og hugtakaskilning við upphaf skólagöngu. Sjónrænn orðaforði er kannaður tvisvar á árinu þ.e. jan./feb. og mar./apr. Lesfimi er að lokum könnuð í apr./maí.
- 2. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt., sjónrænn orðaforði í nóv. og feb. og lesfimi í apr./maí.
- 3. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt., sjónrænn orðaforði í nóv. og feb. og lesfimi í apr./maí.
Logos: tölvuforrit/próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum.
- 4. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt. og í apr./maí.
Raddlestrarpróf sem mæla lestrarhraða.
- 5. bekkur** Raddlestrarpróf og lesskilningspróf.
- 6. bekkur** Raddlestrarpróf, lesskilningspróf og Logos-lesskimunarpróf.
- 7. bekkur** Raddlestrarpróf, lesskilningspróf og niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- 8. bekkur** Raddlestrarpróf og lesskilningspróf.
- 9. bekkur** Logos-lesskimunarpróf, raddlestrarpróf, lesskilningspróf og niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- 10. bekkur** Raddlestrarpróf.

5.1 Logos-læsissskimun

Skólaárið 2012 - 2013 byrjaði Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar að leggja fyrir skimanir í tengslum við lestur (Logos). Lestrarskimunin ber heitið „Logos“. Logos kannar lestrarhraða og lesskilning nemenda og gefur til kynna ef nemandi á við lestrarörðugleika að stríða. Þættir sem skimunin prófar eru lestur, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð (bullorð) og lestur út frá rithætti. Skimunin er lögð fyrir í 3., 6. og 9. bekk. Viðmið þessarar skimunar er að **yfir 70% nemenda hvers árgangs nái yfir 30 í hundraðsröðun**.

5.1.1 Logos-læsissskimun í 3. bekk


Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

Tafla 9 Logos-læsissskimun 3. bekkur í Myllubakkaskóla og í Reykjanesbæ yfir þrjú skólaár


Logos-læsissskimun 3. bekkur 2014-2017				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	14	2	6	22
2016-2017	63,4%	9,1%	27,3%	100%
Myllubakkaskóli	25	0	9	34
2015-2016	73,5%	0%	26,5%	100%
Myllubakkaskóli	14	8	9	31
2014-2015	45,2%	25,8%	29,0%	100%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	11	4	7	22
2016-2017	50,0%	18,2%	31,8%	100%
Myllubakkaskóli	21	4	9	34
2015-2016	61,7%	11,8%	26,5%	100%
Myllubakkaskóli	14	6	11	31
2014-2015	45,2%	19,4%	35,5%	100%

Eins og sést í töflunni þá er 3. bekkur skólaárið 2016-2017 að ganga verr bæði hvað varðar leshraða og lesskilning en skólaárið 2015-2016. Myndirnar hér á eftir

sýna þróunina síðast liðin fimm ár enn betur. Frá því árið 2012 þá hefur leshraði verið á milli 60 og 75 prósent ef undan er skilið skólaárið 2014-2015. Myllubakkaskóli hefur náð viðmiðum sínum í leshraða tvisvar á þessu fimm ára tímabili. Lesskilningur hefur þó verið ívið lægri en þar hafa um 50 til 62 prósent nemenda verið að ná viðmiðum. Skólaárið 2016-2017 þá mælist lægsta skor hjá nemendum 3. bekkjar í lesskilningi undanfarinn fimm ár.



Mynd 19 Ársmeðaltöl í leshraða í Myllubakkaskóla




Mynd 20 Ársmeðaltöl í lesskilningi í Myllubakkaskóla

5.1.2 Logos-læsissskimun í 6. bekk

Niðurstöður fyrir 6. bekk eru í eftirfarandi töflu og sést að Myllubakkaskóli hefur ekki náð viðmiðum sínum um 70% árangur í leshraða og lesskilningi fyrir skólaárið 2016-2017.


Tafla 10 Logos-lesskimun í 6. bekk í Myllubakkaskóla

Logos-læsissskimun 6. bekkur 2015-2016 og 2016-2017				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	9	3	12	24
2016-2017	37.5%	12.5%	50.0%	100.0%
Myllubakkaskóli	14	6	12	32
2015-2016	43.8%	18.8%	37.5%	100.0%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	9	5	10	24
2016-2017	37.5%	20.8%	41.7%	100.0%
Myllubakkaskóli	26	3	3	32
2015-2016	81.3%	9.4%	9.4%	100.0%




Mynd 21 Ársmeðaltöl í leshraða og lesskilning í Myllubakkaskóla

Eins og sést á myndinni hér að framan þá hefur árangur Myllubakkaskóla í 6. bekk verið undir viðmiðum síðastliðinn sex ár en þar sem samanburð vantar við aðra skóla eða bæjarfélagið í heild sinni er erfitt að draga ályktun af þeim niðurstöðum.



Mynd 22 Leshraði hjá 6. bekk í Myllubakkaskóla frá skólaárinu 2012-2013



Mynd 23 Lesskilningur hjá 6. bekk í Myllubakkaskóla frá skólaárinu 2012-2013


5.1.3 Logos-læsiskimun í 9. bekk

Niðurstöður fyrir 9. bekk sjást hér að neðan og kemur fram að Myllubakkaskóli hefur ekki náð viðmiðum sínum um 70% árangur í leshraða og lesskilningi.


Nemendur í 9. bekk hafa ekki náð þeim viðmiðum í bæði leshraða og lesskilning undanfarin fimm skólaár. Vegna þess að samanburð vantar við aðra skóla í Reykjaneshæ eða niðurstöður allra skólanna í heild þá er erfitt að staðhæfa að viðmiðin séu ef til vill of há þegar kemur að þessum árangri. En því er samt ekki hægt að neita að niðurstöður þessa skólaárs eru verri hjá nemendum 9. bekkjar en fjögur skólaárin á undan eins og myndirnar hér að neðan sýna.

Tafla 11 Logos-læsissskimun í 9. bekk í Myllubakkaskóla árin 2015-2016 og 2016-2017

Logos-læsissskimun 9. bekkur 2015-2016 og 2016-2017				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	14	10	7	31
2016-2017	45.2%	32.3%	22.6%	100.0%
Myllubakkaskóli	20	6	10	36
2015-2016	55.6%	16.7%	27.8%	100.0%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	15	6	10	31
2016-2017	48.4%	19.4%	32.3%	100.0%
Myllubakkaskóli	24	3	9	36
2015-2016	66.7%	8.3%	25.0%	100.0%



Mynd 24 Leshraði í Myllubakkaskóla á milli ára.



Mynd 25 Lesskilningur í Myllubakkaskóla á milli ára.

6 Talnalykill

Unnið er markvisst að því að styrkja grunnfærni nemenda í stærðfræði og kennarar leitast við að velja námsefni sem fellur að markmiðum aðalnámskrár, eru fjölbreytt og henta flestum nemendum. Í stærðfræði er lagt fyrir skimunarprófið Talnalykill í ákveðnum árgöngum. Úrræði fyrir nemendahópa eða einstaka nemendur eru fundin þegar niðurstöður skimana liggja fyrir.

Talnalykill er skimun sem mælir getu nemenda í þeim atriðum sem þeir eiga að vera búnir að tileinka sér í hverjum árgangi miðað við Aðalnámskrá grunnskóla. Stærðfræðiferlar voru hannaðir skólaárið 2011-2012 út frá aðalnámskrá til að samræma vinnulag í skólanum. Atriðalistar / þrepamarkmið sem finna má í ferlunum eru ætlaðir sem gátlistar fyrir kennara, nemendur og foreldra. Stærðfræðiferla fyrir allar bekkjardeildir er að finna á heimasíðu skólans. Stærðfræðiferlar tengjast beint við Talnalykilinn. Talnalykillinn er lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Viðmiðið í þessari skimun er **að 3. og 6. bekkingar nái að meðaltali yfir 70% árangri í skimuninni.**

6.1 Talnalykill í 3. bekk

Tafla 12 Ársmeðaltöl talnalykils í 3. bekk í Myllubakkaskóla.

Talnalykill ársmeðaltöl 3. bekkur			
	yfir 70%	undir 70%	samtals
2016-2017	15 68.2%	7 31.8%	22 100.0%
2015-2016	31 91.2%	2 8.8%	34 100.0%
2014-2015	20 80.0%	5 20.0%	25 100.0%
2013-2014	1 4.4%	22 95.7%	23 100.0%
2012-2013	7 20.6%	27 79.4%	34 100.0%

Í niðurstöðum sést að árangur síðustu þriggja ára hefur verið með ágætum en nemendur í 3. bekk á yfirstandandi skólaári náðu ekki viðmiðum þó eru þeir alveg við þau og meðaltals árangur í bekknum er ca. 72%. Það gefur til kynna að margir nemendur voru rétt við viðmiðið og fáir verulega slakir.

6.2 Talnalykill í 6. bekk

Niðurstöður sýna að nemendur í 6. bekk náðu ekki viðmiðum á yfirstandandi skólaári og eru langt frá því. Þegar rýnt er í niðurstöðurnar sést að aðeins sex nemendur náðu yfir 60% árangri en aðrir nemendur eru þar fyrir neðan og nokkrir með mjög slakan árangur.


Tafla 13 Ársmeðaltöl talnalykils hjá 6. bekk í Myllubakkaskóla

Talnalykill ársmeðaltöl 6. bekkur			
	yfir 70%	undir 70%	samtdals
2016-2017	6 25.0%	18 75.0%	24 100.0%
2015-2016	25 78.1%	7 21.9%	32 100.0%
2014-2015	19 73.1%	7 26.9%	26 100.0%
2013-2014	16 55.2%	13 44.8%	29 100.0%

7 Samræmd próf

Á haustin þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði og að vori tóku 9. og 10. bekkur samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Námsmatsstofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður og þá sérstaklega í framfarastuðul hvers og eins nemenda.

Prófin eru byggð upp af nokkrum þáttum og er því hægt að sjá hvar hver nemandi þyrfti helst að bæta sig sem og fyrir skólann að sjá hvar áherslur í kennslu gætu þurft að breytast. Íslenskuprófið í 4. og 7. bekk byggir á ritun, lestri og málnotkun. Í 9. og 10. bekk samanstendur prófið af þáttunum málfræði, lestri og bókmenntum. Stærðfræðiprófið í 4. bekk byggir á þáttunum reikningur, rúmfræði og tölur. Í 7. bekk á reikningi, tölfræði og rúmfræði og í 9. og 10. bekk á reikniaðgerðum, hlutföllum, algebru og rúmfræði. Ensku prófið í 9. og 10. bekk samanstendur af þáttunum lestri og málnotkun.



Mynd 26 Niðurstöður samræmdra prófa í Myllubakkaskóla 2014

7.1 4. bekkur

Eins og sést á myndinni hér að framan þá stóð 4. bekkur sig vel í samræmdum prófum, en hann var yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Árangurinn er sérstaklega góður í stærðfræði þar sem 4. bekkur er tíu stigum fyrir ofan landsmeðaltal. Meðaleinkunn í íslensku í 4. bekk var 5,8 og 7,4 í stærðfræði. Það voru sex af 34 nemendum sem þreyttu ekki íslenskuprófið og fjórir af 34 stærðfræðiprófið.

7.2 7. bekkur

Í stærðfræði var 7. bekkur yfir landsmeðaltali bæði í íslensku (32) og stærðfræði (38). Meðaleinkunn í íslensku í 4. bekk var 6,4 og 7,3 í stærðfræði. Það þreyttu allir nemendur 7. bekkjar íslenskuprófið og allir nema þrír stærðfræðiprófið.

7.3 9. bekkur

Vegna breytinga á fyrirkomulagi samræmdraprófa tók 9. bekkur samræmt próf á sama tíma og 10. bekkur. Var það gert því framvegis verða samræmd próf í 9. bekk en ekki 10. bekk. Þátttaka nemenda í prófinu var ágæt en 28 af 33 tóku prófin.

Niðurstöður 9. bekkjar á samræmdum prófum hefði getað verið betri og náðu nemendur 9. bekkjar ekki viðmiðum í neinu af þremur prófum og voru langt frá því í íslensku (22). Nú var í fyrsta skipti gefinn bókstafur í einkunn í stað hefðbundna talna. Í niðurstöðum kemur fram að enginn nemandi náði A árangri í íslensku, stærðfræði né ensku. Algengasta einkunnin í öllum þremur prófum var C, ca. 50% nemendur fengu þá einkunn.

7.4 10. bekkur

Á myndinni hér að ofan kemur fram að 10. bekkur er undir landsmeðaltali í öllum þremur prófunum, íslensku (24), stærðfræði (27) og ensku (28). Þeir sem þreyttu íslenskuprófið voru 34 af 41, stærðfræðiprófið 35 af 41 og enskuprófið 38 af 41.

Niðurstöður 10. bekkjar á samræmdum prófum var undir landsmeðaltali eins og áður kom fram en í 10. bekk voru nokkrir nemendur með einkunnina A í stærðfræði (4), en algengasta einkunnin í þremur prófunum var B eða C.

8 Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og tillögum til úrbóta þar sem við á.

Vinna við matið á að nýttast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Meðfylgjandi er viðauki með umbótaáætlun.

9 Viðauki - umbótaáætlun

Á skólaárinu var brugðist við niðurstöðum Logos og Talnalykils samkvæmt leiðbeiningum frá fulltrúum fræðsluskrifstofu. Á skólaárinu 2017-2018 fara kennarar í þá vinnu að leita leiða til að auka virkni nemenda í tímum, þjálfa þrautseigju þeirra og trú á eigin getu, ásamt öðru sem kemur fram í sjálfsmatsskýrslu.

Skólastjórnendur munu leiða þá vinnu.